



Landssamtökin

Proskahjálp

Mannréttindi fyrir alla!

Sigríður Á. Andersen,
dómsmálaráðherra,
Sölvhólsgrötu 7,
101 Reykjavík

23. mars 2017

Efni: Varðar skilyrði til greiðslu sanngirnisbóta.

Samkvæmt núgildandi lögum ná heimildir til greiðslu sanngirnisbóta einungis til einstaklinga sem voru vistaðir sem börn á stofnunum sem ekki voru starfandi við gildistöku laga nr. 26/2007, enda liggja fyrir skýrsla svonefndrar vistheimilanefndar um viðkomandi stofnun, sbr. 1. gr. laga nr. 26/2007, um vistheimilanefnd, sbr. 2. gr. laga nr. 47/2010, um sanngirnisbætur.

Þessi skilyrði laganna leiða til mismununar sem ekki verður séð að réttlætist af málefnalegum rökum og/eða sjónarmiðum. Í því sambandi þarf einnig að líta til þess hversu veigamiklir hagsmunir eru í húfi fyrir þá fötluðu einstaklinga sem í hlut eiga og þeirra skyldna sem á stjórnvöldum hvíla samkvæmt alþjóðlegum mannréttindasamningum til að standa vörð um og tryggja réttindi þeirra.

Landssamtökin Proskahjálp vilja með vísan til ofangreinds koma eftirfarandi á framfæri við dómsmálaráðherra og önnur hlutaðeigandi stjórnvöld.

I. Sanngirnisbætur til einstaklinga með þroskahömlun sem vistuðust sem börn á stöðum sem vistheimilanefnd hefur ekki tekið út.

Rannsókn og gerð skýrslu varðandi Kópavogshælið hefur tekið allt of langan tíma. Margir sem þar dvöldust hafa fallið frá á þeim tíma. Í því sambandi skal bent á að í erindi því sem Landssamtökin Proskahjálp sendu forsætisráðherra 5. mars 2008, var óskað eftir að aðbúnaður fatlaðra barna á öllum stofnunum yrði rannsakaður. Nefndin skilaði skýrslu sinni 7. febrúar sl., þ.e. um níu árum eftir að Proskahjálp óskaði eftir að Kópavogshælið og aðrir slíkir staðir yrðu rannsakaðir. Samtökin höfðu þá frá árinu 2008 ítrekað erindi sitt oft og reglulega.

Þeir einstaklingar með þroskahömlun, sem dvöldust sem börn á öðrum stöðum sambærilegum við Kópavogshælið, bíða enn þá eftir að fá að njóta lagalegs réttar til sanngirnisbóta.

II. Sanngirnisbætur til einstaklinga með þroskahömlun sem voru vistaðir á stofnunum sem voru starfandi við gildistöku laga nr. 26/2007, þ.e. 28. mars 2007.

Sú takmörkun samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007, um vistheimilanefnd, að nefndin geti ekki kannað starfsemi vist- og meðferðarheimilda fyrir börn sem voru starfandi við gildistöku

laganna, sem var við birtingu þeirra í stjórnartíðindum 28. mars 2007, virðist ekki byggjast á neinum málefnalegum rökum og/eða sjónarmiðum sem réttlætir þá mismunun sem af henni leiðir. Þannig rök eða sjónarmið er a.m.k. hvorki að finna í ákvæðinu sjálfu né í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 26/2007. Mismunun þessi leiðir ekki aðeins til að einstaklingar sem hafa dvalist á stofnunum sem voru enn starfandi 28. mars 2007 geta, að óbreyttum lögum, ekki vænst þess að þær stofnanir verði teknar út eins og sambærilegar stofnanir sem ekki voru enn starfandi 28. mars 2007, heldur eiga þeir þar með ekki heldur kost á sanngirnisbótum samkvæmt lögum nr. 47/2010 þar sem samkvæmt 2. gr. þeirra laga er skilyrði fyrir rétti til sanngirnisbóta að úttekt vistheimilaneftdar á stofnuninni samkvæmt lögum nr. 26/2007 liggja fyrir.

Landssamtökin Þroskahjálpar telja að þessi mismunun geti ekki staðist m.t.t. jafnræðisreglu íslensks réttar.

Skylda stjórnvalda til að gera án tafar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja jafnræði.

Með vísan til þess sem að framan er rakið eru, að mati Landssamtakanna Þroskahjálpar, engar málefnalegar ástæður eða rök fyrir því að neita þeim einstaklingum sem um er fjallað í liðum I-II hér að framan um þann rétt til sanngirnisbóta sem mælt er fyrir um í lögum nr. 26/2007, sbr. lög nr. 47/2010. Í ljósi þess, sanngirnisraka og jafnræðisreglu stjórnarskrár, laga og mannréttindasamninga er afar brýnt að hlutaðeigandi ábyrg stjórnvöld bregðist mjög skjótt við og geri viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að þeir einstaklingar sem í hlut eiga fái sanngirnisbætur eins skjótt og nokkur kostur er. Ljóst er að allur frekari dráttur á því kann að leiða til að einstaklingar sem eiga hlut að máli og enn lifa falli frá áður en þeir fá notið sanngirnisbóta.

Landssamtökin Þroskahjálpar vilja einnig benda hlutaðeigandi stjórnvöldum á að jafnvel þó að einstaklingar með þroskahömlun hafi náð þeim aldri að hafa verið sjálfráða samkvæmt lögum þegar þeir voru vistaðir á Kópavogshæli eða öðrum sambærilegum stöðum voru ákvarðanir um vistun þeirra þar undantekningalítið teknar af öðrum en þeim sjálfum og mjög oft samkvæmt ráðleggingum stjórnvalda sem ekki buðu á þeim tíma upp á önnur úrræði fyrir þá og aðstandendur þeirra. Þessir einstaklingar höfðu því í raun vegna fötlunar sinnar, aðstæðna og úrræðaleyfis af hálfu stjórnvalda engin eða afar takmörkuð tækifæri til að hafa áhrif á þær ákvarðanir og réðu því almennt litlu eða engu um dvalarstað sinn.

Lokaorð.

Í 3. tl. 4. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaða fólks, sem íslenska ríkið fullgilti sl. haust, segir:

Þegar aðildarríkin undirbúa löggjöf sína og stefnu við að innleiða samning þennan og vinna að því að taka ákvarðanir um stöðu fatlaðs fólks skulu þau hafa náið samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, þar með talið fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.

Þau mál og viðfangsefni sem um er fjallað er í bréfi þessu falla, að mati Landssamtakanna Þroskahjálpar, augljóslega undir þessi ákvæði samningsins. Með vísan til þess minna samtökin hlutaðeigandi stjórnvöld á þessa samráðsskyldu og lýsa jafnframt yfir áhuga og vilja til að taka þátt í því samráði.

Virðingarfyllst,

Bryndís Snæbjörnsd.

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður

Árni Múli Jónasson

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri

Afrit sent:

- Forsætisráðherra.
- Félags- og jafnréttismálaráðherra.
- Formanni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis.
- Formanni velferðarnefndar Alþingis.